	Samtals gróið og ógróið	745	

Leið 1 er nyrst af fyrirhuguðum þremur veglínunum í Skógey. Hún er einnig styst eða u.þ.b. 3,3 km (3. mynd). Votlendi er samtals á um 92% viðmiðunarsvæðis veglínunnar, þar af er 71% deiglendi (5. tafla) en 15% þess er sjávarflæðagróður. Mikið er um blönduð gróðurfélög og að teknu tilliti til þess hækkar nokkuð hlutur blautara votlendis á kostnað deiglendis (2. viðauki). Mýri kemur t.d. einungis fyrir sem seinna gróðurfélag í blönduðu gróðurfélagi og kemur því ekki fram á gróðurlendakorti (2. viðauki). Flói sem er að finna á 6% af viðmiðunarsvæði veglínunnar, er í raun útbreiddari. Þar kemur til að gulstararflói (V1) er seinast talinn þriggja gróðurfélaga í stórum gróðurreit suðaustan við Hádegissker. D3 (*víðimói og kjarr*) kemur nokkuð fyrir á vesturhluta eyjarinnar, þar sem land er þurrast og þekur 6% af viðmiðunarsvæðinu. Útbreiðsla annarra gróðurlenda er óveruleg.



3. mynd. Hornafjarðarfjót – Skógey. Gróðurlendakort.

5. tafla. Stærð ríkjandi gróðurlenda og flokka lítt eða ógróins lands á viðmiðunarsvæði leiðar 1 í Skógey.

Gróðurtákn	Gróður- og landflokkar	ha	% gróins lands
Gróðurlendi			
A	Mosagróður	<1	<1
D	Víðimói og kjarr	8	6
H	Graslendi	2	2
S	Sjávarflæðagróður	19	15
T	Deiglendi	91	71
V	Flói	7	6
Y	Vatnagróður	<1	<1
	Samtals gróið	128	100
Landgerðir	Lítt- eða ógróið land		
av	Vatn	1	
	Samtals ógróið	1	
	Samtals gróið og ógróið	129	

Leiðir 2 og 3 liggja eins þar til þær aðgreinast við Hrísey en fjarlægðin milli þeirra verður aldrei meiri en 250–300 metrar. Veglína 2 er rétt um 4 km en veglína 3 aðeins lengri eða 4,3 km (3. mynd). Á þessum leiðum er hlutfall sjávarflæðagróðurs mun hærra af heildinni en á leið 1 og hlutfall deiglendis að sama skapi lægra. Alls er hlutfall votlendis 95% á leið 2 (6. tafla) en 94% á leið 3 (7. tafla). Gróðurfélagið T2 (*hrossanál-starir-grös*) hefur mesta útbreiðslu deiglendis á viðmiðunarsvæðum beggja leiða en T10 (*hrossanál-grávíðir/loðvíðir*) mun minni. S5 (*skriðlíngresi*) er útbreiddasta gróðurfélag sjávarflæðagróðurs. S1 (*fitjaskúfur*) er einnig nokkuð útbreiddur, en hann kemur frekar fram í blönduðum gróðurfélögum en einn og sér. Flói er þriðja stærsta gróðurlendið (8%) á báðum leiðum en eina gróðurfélag hans er V1 (*gulstör*). Víðimói og kjarr og graslendi þekja frá tveimur og upp í fjögur prósent af viðmiðunarsvæðinu. Önnur gróðurlendi vega minna.

6. tafla. Stærð ríkjandi gróðurlenda og flokka lítt eða ógróins lands á viðmiðunarsvæði leiðar 2 í Skógey.

Gróðurtákn	Gróður- og landflokkar	ha	% gróins lands
Gróðurlendi			
D	Víðimói og kjarr	3	2
H	Graslendi	5	3
S	Sjávarflæðagróður	66	41
T	Deiglendi	78	49
U	Mýri	<1	<1
V	Flói	8	5
Y	Vatnagróður	<1	<1
	Samtals gróið	160	100
Landgerðir	Lítt- eða ógróið land		
av	Vatn	3	
	Samtals ógróið	3	
	Samtals gróið og ógróið	163	

7. tafla. Stærð ríkjandi gróðurlenda og flokka lítt eða ógróins lands á viðmiðunarsvæði leiðar 3 í Skógey.

Gróðurtákn	Gróður- og landflokkar	ha	% gróins lands
Gróðurlendi			
D	Víðimói og kjarr	3	2
H	Graslendi	6	4
S	Sjávarflæðagróður	66	38
T	Deiglendi	87	51
U	Mýri	<1	<1
V	Flói	8	5
Y	Vatnagróður	<1	<1
Samtals gróið		170	100
Landgerðir			
Lítt- eða ógróið land			
av	Vatn	3	
Samtals ógróið		3	
Samtals gróið og ógróið		173	

4.1.4 Veglínur austan Hornafjarðarfljóta – Nes


Alls var kortlagt um 650 hektara svæði í Nesjum (sjá meðfylgjandi gróðurkort í vasa) og þar af voru rúmir 600 ha grónir. Svæðið er tvískipt (8. tafla) því ekki var kortlagt allt svæðið milli leiðar 1 annarsvegar og leiða 2 og 3 hinsvegar. Fjallað verður um rannsóknasvæðin í sitt hvoru lagi. Það svæði sem kortlagt var meðfram leið 1 er hér eftir kallað nyrðri hluti og er alls um 257 ha að stærð en samsvarandi svæði umhverfis leiðir 2 og 3, alls um 389 ha kallast syðri hluti (8. tafla).

8. tafla. Stærð ríkjandi gróðurlenda og flokka lítt eða ógróins lands í Nesjum.

Gróðurtákn	Gróður- og landflokkar	Nyrðri hluti		Syðri hluti		Samtals	
		ha	% gróins lands	ha	% gróins lands	ha	% gróins lands
Gróðurlendi							
A	Mosagróður			26	7	26	4
E	Þursaskeggsmói			5	1	5	1
H	Graslendi	80	34	86	24	166	28
R	Ræktað land (tún, garðlönd, skógrækt)	62	26	50	14	112	19
S	Sjávarflæðagróður			45	12	45	8
T	Deiglendi	63	27	76	21	139	23
U	Mýri	30	13	59	16	89	15
V	Flói	1	<1	17	5	18	3
Y	Vatnagróður			<1	<1	<1	<1
Samtals gróið		236	100	364	100	600	100
Landgerðir							
Lítt- eða ógróið land							
av	Vatn	6				6	
by	Byggð og önnur mannvirki	4		12		16	
ey	Þurrar áreyrar	12				12	
gt	Stórgrytt land			1		1	
mo	Moldir		<1	1		1	
ófl.	Ekki gróðurgreint	1	<1	11		11	
Samtals ógróið		22		25		47	
Samtals gróið og ógróið		258		389		647	


Nyrðri hluti. Kortlagt var 500 metra svæði út frá leið 1, frá Hoffellsá að núverandi þjóðvegi. Svæðið er að mestu nýttaland, ýmist brotið til ræktunar eða nýtt til beitar. Á rannsóknasvæðinu voru kortlögð fimm mismunandi gróðurlendi (4. mynd). Eins og á öðrum svæðum var votlendi kortlagt sérstaklega með tilliti til þess hvort það kæmi fyrir í blönduðu gróðurfélagi (2. mynd). Mosagróður var aðeins kortlagður sem seinna gróðurfélag með graslendi (1. kort) og kemur því ekki fram á gróðurlendakorti.

Graslendi, H1 (*grös*), hefur mesta útbreiðslu eða um 34% gróins lands (8. tafla) og er að langmestu leyti algróið (3. viðauki). Deiglendi er næst útbreiddast, um 27% svæðisins. Stór hluti þess er nýttur til beitar og ber merki rasks, líklega vegna plógræsingar því grös eru óvenju áberandi. Þannig er gróðurfélagið T5 (*grös-starir*) algengast í deiglendinu, en T2 (*hrossanál-starir-grös*) með heldur minni útbreiðslu (3. viðauki). Ræktað land er ríflega fjórðungur rannsóknasvæðisins (3. viðauki). Mýri er á tæpum 30 ha lands (13%). Stærsta mýrin er blandað gróðurfélag mýrar og deiglendis, U5 (*mýrastör/stinnastör*) / T5 (*grös-starir*). Það er vestan við reiðvöllinn og er nýtt sem beitiland. Flói finnst einungis á tæpum hektara lands.



4. mynd. Hornafjarðarfljót – Nes. Gróðurlendakort – leið 1.

Syðri hluti. Gróður var kortlagður á um 390 ha svæði frá Árnanesi að Haga, umhverfis línur 2 og 3. Landið er að langmestu leyti algróið. Gróðurfur er mun fjölbreyttara en á nyrðra svæðinu og flokkast gróðurinn í níu gróðurlendi (8. tafla, 5. mynd). Graslendi, H1 (*grös*), hefur mesta útbreiðslu, alls tæpur fjórðungur kortlagðs gróðurs. Gróðurfélögin H2 (*grös með störum*) og H7 (*grös með elftingu*) koma einnig fyrir, en umfang þeirra er óverulegt. Deiglendi er næst algengast (21%). Gróðurfélög deiglendis eru T5 (*grös-starir*) og T2 (*hrossanál-starir-grös*). Eins og á nyrðra svæðinu er stór hluti gróðurlendisins nýttur til beitar og hefur verið plógræstur. Það gildir einnig um hluta mýra sem eru um 16% gróðurs á rannsóknasvæðinu.



5. mynd. Hornafjarðarfjót – Nes. Gróðurlendakort – leiðir 2 og 3.

Gróðurfélög mýra eru fjögur og er U5 (*mýrastör/stinnastör*) langalgengast þeirra (3. viðauki). Ræktað land er um 50 hektarar (14%), mestmegnis tún. Með ströndinni og inni í vikum og vogum eru víða sjávarflæðar eða fitjar og alls voru kortlagðir rúmir 45 hektarar með sjávarflæðagróðri. Víðáttumestu fitjarnar eru austan við Árnanes (6. ljósmynd) en einnig er stórt samfellt svæði sunnan til í Dilksnesi.

Helstu gróðurfélög sjávarflæðagróðurs eru S1 (*fitjaskúfur*), S6 (*strandsauðlaurkur*), S3 (*skriðstör*) og H5 (*fitjungur*), en víðast hvar eru gróðurfélögin eitthvað blönduð. (3. viðauki). Heildarútbreiðsla votlendis, þ.e. mýrar, flóar, sjávarflæðagróður, vatnagróður og deiglendi eru sýnd á sérkorti (2. mynd) en votlendi er um 54% rannsóknasvæðisins.



6. ljósmynd. Horft yfir fitjarnar við Árnanes til Hrafnseyjar. Fitjaskúfur og skriðstör eru einkennistegundir þessara fitja sem fara alveg á kaf í mestu flóðum. Ljós. RH, í júlí 2006.

Á austasta hluta syðra svæðisins rísa mosavaxnir hólar upp úr mýrlendi og í hlíðum þeirra eru víða trjáplöntur sem ekki eru merktar sérstaklega á gróðurkortinu. Tvö afgirt svæði með skógrækt (R6) koma þó fram á gróðurkortinu (sjá meðfylgjandi gróðurkort í vasa). V1 (*gulstarafloi*) er algengasta gróðurfélag flóa, en hann er víðáttumestur við Dilksnes.

Leið 1 liggur yfir Hoffellsá ofan Laxárósa og gert er ráð fyrir brúun Laxár um 500 metrum neðan við núverandi brú á hringvegi 1. Nýlagning vegar á landi er um 3 km (4. mynd). Rannsóknasvæðið meðfram veglínunni (200 metrar til beggja handa) er um 114 ha þar af eru rúmlega 100 hektarar gróins lands (9. tafla).

9. tafla. Stærð ríkjandi gróðurlenda og flokka lítt eða ógróins lands á viðmiðunarsvæði leiðar 1 í Nesjum.

Gróðurtákn	Gróður- og landflokkar	ha	% gróins lands
Gróðurlendi			
H	Graslendi	44	43
R	Ræktað land (tún, garðlönd, skógrækt)	16	16
T	Deiglendi	31	31
U	Mýri	9	9
V	Flói	1	1
Samtals gróið		101	100
Landgerðir			
Lítt- eða ógróið land			
av	Vatn	5	
by	Byggð og önnur mannvirki	<1	
ey	Þurrar áreyrar	8	
Samtals ógróið		13	
Samtals gróið og ógróið		114	

Um 87% viðmiðunarsvæðisins er gróið land. Graslendi, H1 (grös) er algengasta gróðurlendið á viðmiðunarsvæði veglínunnar eða 43% gróins lands. Deiglendi er rúm 30% og samanstendur að mestu af gróðurfélögnum T5 (*grös-starir*) og T2 (*hrossanál-starir-grös*) en gróðurfélagið T9 (*hrossanál-vingull*) finnst einnig í litlum mæli (3. viðauki). Ræktað land er um 16% og stærsti hluti þess eru tún (3. viðauki).

Eina gróðurfélag mýrlendis er U5 (*Mýrastör/stinnastör*) en mýri er um 9% viðmiðunarsvæðis veglínunnar. Eina gróðurfélag flóa (<1%) er V1 (*gulstör*). Votlendi, þ.e. deiglendi, mýrar og flóar, eru alls um 40% viðmiðunarsvæðis veglínunnar. Rétt er að benda á að innan viðmiðunarsvæðis leiðar 1 er nokkurt svæði sunnan Laxár sem ólíklegt má telja að verði fyrir raski vegna vegaframkvæmdanna.

Leið 2 liggur yfir mitt Árnanes og þaðan yfir í Dilksnes. Veglínan þverar afleggjarann til Hafnar rúmum 800 metrum sunnan við núverandi vegamót og liggur þaðan að hringvegi 1 og sameinast honum við Haga. Nýlagning vegar á landi er tæpir 4 km.



7. ljósmynd. Horft yfir fitjarnar við Árnanes á flóði 26. júní 2006. Til vinstri sér til bæja í Dilksnesi en til Hafnar hægra megin. Ljós. RH.

Gróðurfar er fjölbreytt á þessari leið allt frá sjávarflæðagróðri á víðfeðmum sjávarfitjum við Árnanes (7. ljósmynd) og í sunnanverðu Dilksnesi, til mosavaxinna Skarðshólanna austast á svæðinu. Ekki má undanskilja leirurnar í Hornafirði þar sem byggja þarf upp veg með grjótfyllingum. Rannsóknasvæðið meðfram veglínunni (200 metrar til beggja handa) er alls tæpir 150 ha og er þá einungis átt við þurrlendi en ekki svæði þar sem veglínan liggur á leirum og yfir sjó (10. tafla).

10. tafla. Stærð ríkjandi gróðurlenda og flokka lítt eða ógróins lands á viðmiðunarsvæði leiðar 2 í Nesjum.

Gróðurtákn	Gróður- og landflokkar	ha	% gróins lands
	Gróðurlendi		
A	Mosagróður	15	10
H	Graslendi	30	20
R	Ræktað land (tún, garðlönd, skógrækt)	12	8
S	Sjávarflæðagróður	21	14
T	Deiglendi	47	31
U	Mýri	18	12
V	Flói	7	5
Y	Vatnagróður	<1	<1
	Samtals gróið	148	100
	Landgerðir		
	Lítt- eða ógróið land		
by	Byggð og önnur mannvirki	<1	
ey	moldir	<1	
	Samtals ógróið	1	
	Samtals gróið og ógróið	149	

Deiglendi er víðfeðmast og telst 31% viðmiðunarsvæðis veglínunnar til þess. Það skiptist nokkuð jafnt milli gróðurfélaganna T5 (*grös-starir*) og T2 (*hrossanál-starir-grös*) (3. viðauki). Graslendi er næststærsta gróðurlendið (21%) og er gróðurfélagið H1 (*grös*) stærst. Þriðja stærsta gróðurlendið (14%) á viðmiðunarsvæði leiðar 2 er sjávarflæðagróður. Algengasta gróðurfélag þess er S1 (*fitjaskúfur*) en S6 (*strandsauðlaukur*) (8. ljósmynd) og S3 (*skriðstör*) hafa einnig nokkra útbreiðslu.



8. ljósmynd. Strandsauðlaukur (*Triglochin maritimum*) vex einkum á sjávarflæðum og rökum sendnum flæðiengjum skammt frá sjó. Ljós. RH, 27. júní 2006.

Votlendi, sem samanstendur af deiglendi, mýrum, flóum, sjávarflæðagróðri og vatnagróðri, er alls um 62% af viðmiðunarsvæði veglínunnar (10. tafla). Fjögur gróðurfélög mýra eru samtals á um 12% viðmiðunarsvæðisins. Gróðurfélagið U5 (*mýrastör/stinnastör*) á þar bróðurpartinn, en U19 (*mýrastör/stinnastör-tjarnastör*), sem er hallamýri, er á rúmlega 4 hekturum inn á milli Skarðshóla (3. viðauki). V1 (*gulstör*) er ríkjandi gróðurfélag í flóa. Mosagróður er um 10% gróins lands og samanstendur af gróðurfélögunum A5 (*mosi með grösum*) og A6 (*mosi með þursaskeggi*), sem vex á þurrara og ófrjórra landi. Ræktað land er tæplega 8%. Veglínan sneiðir horn af skógræktarreit við Skarðshóla, en einnig er nokkuð um trjáplöntur hér og þar, inn á milli hóla, og koma þær ekki fram á gróðurkortinu (9. ljósmynd).



9. ljósmynd. Víða má sjá trjáplöntur við hólana í Skarðshólum. Ljós. RH, 27 júní 2006.

Leið 3 liggur yfir syðsta hluta Árnanes og þaðan um leirur norðan Hrafnseyjar á uppfillingum á tæplega 2 km kafla þar til hún kemur á land rétt sunnan við Hafnarnes. Þaðan liggur veglínan yfir 500 metra landræmu og þverar síðan Flóa í Skarðsfirði, sem er á náttúruminjaskrá, á tæplega 1 km kafla. Þaðan er stefnan á sunnanverða Skarðshóla og veglínan sameinast hringvegi 1 við Haga. Nýlagning vegar á landi er um 2,4 km og viðmiðunarsvæði veglínunnar út frá 200 metra svæði til beggja hliða, um 100 ha (11. tafla).

Mýri og graslendi eru stærstu gróðurlendin, hvort um sig rúmlega fjórðungur viðmiðunarsvæðisins (11. tafla). Gróðurfélög mýra eru þrjú: U5 (*mýrastör/stinnastör*) er útbreiddast en einnig koma fyrir gróðurfélögin U13 (*mýrastör/stinnastör-mýrelfting*) og U19 (*mýrastör/stinnastör-tjarnastör*). Deiglendi er um 20% og samanstendur af gróðurfélögunum T5 (*grös-starir*) og T2 (*hrossanál-starir-grös*). Flói og vatnagróður hafa litla útbreiðslu. Fimm gróðurfélög sjávarflæðagróðurs (6%) eru á viðmiðunarsvæðinu og vega þar þyngst H5 (*fitjungur*) og S6 (*strandsauðlaukur*). Votlendi, þ.e. deiglendi, mýrar, flóar, sjávarflæðagróður og vatnagróður, er alls rúm 53% viðmiðunarsvæðis veglínu 3. Mosagróður er um 14% og ræktað land er 7% viðmiðunarsvæðisins.

11. tafla. Stærð ríkjandi gróðurlenda og flokka lítt eða ógróins lands á viðmiðunarsvæði leiðar 3 í Nesjum.

Gróðurtákn	Gróður- og landflokkar	ha	% gróins lands
Gróðurlendi			
A	Mosagróður	14	14
H	Graslendi	25	26
R	Ræktað land (skógrækt og tún)	6	7
S	Sjávarflæðagróður	5	6
T	Deiglendi	20	20
U	Mýri	26	27
V	Flói	<1	<1
Y	Vatnagróður	<1	<1
Samtals gróið		96	100
Landgerðir Lítt- eða ógróið land			
by	Byggð og önnur mannvirki	1	
gt	Stórgrýtt land	<1	
mo	Moldir	<1	
ófl	Ekki gróðurgreint	3	
Samtals ógróið		4	
Samtals gróið og ógróið		101	

4.1.5 Fyrirhuguð námusvæði

Efnistaka og námusvæði

Á vegum Vegagerðarinnar hafa verið gerðar athuganir á hugsanlegum efnistökuþöðum vegna fyrirhugaðrar vegagerðar. Þessir staðir eru tíu talsins og voru skoðaðir af hálfu Náttúrufræðistofnunar með tilliti til gróðurfars og kortlagðir á sama tíma og vegstæðin. Gróðurfari á efnistökusvæðunum, sem hér eru nefnd námusvæði, er lýst í þessum kafla. Afstaða er einnig tekin til náttúrufarslegs gildis þeirra með tilliti til gróðurs. Gróðurskort af sjö þessara svæða eru birt í 4. viðauka skýrslunnar en staðsetning þeirra er einnig sýnd á meðfylgjandi gróðurskorti í vasa.

Námusvæði 1 er allt á grýttum, nær gróðurlausum, síbreytilegum áraurum ofan þjóðvegur í Hólmsá á Mýrum. Gróður er strjáll og nær hvergi 10% þekju þannig að engin gróðurfélög eru kortlögð á svæðinu. Náttúrufræðistofnun Íslands telur að efnistaka á þessum stað hafi óveruleg áhrif á gróðurfari.

Námusvæði 2 er einnig á Mýrum. Það er ofan þjóðveggarins, að mestu bundið við núverandi farveg Djúpár og umliggjandi eyrar sem vatn flæðir ekki yfir nema í vatnavöxtum. Meirihluti svæðisins er lítt- eða ógróinn en á nokkrum stöðum hefur gróður náð að festa rætur. Gróið land er frá því að vera með um 25% þekju upp í að vera algróið. Útbreiddasta gróðurfélagið er H1 (*graslendi*) en deiglendisgróðurfélagið T2 (*hrossanál-starir-grös*) fylgir fast í kjölfarið. Mosagróðurfélögin A5 (*mosi með grösum*) og A6 (*mosi með þursaskeggi*) eru á litlum blettum. Gróðurfélögin eru öll algeng í nágrenni við námusvæðið. Náttúrufræðistofnun Íslands telur að engin hætta sé á að sérstökum gróðri verði spillt á námusvæði 2 en bendir á að gæta verður þess vandlega að spilla ekki samfelldum aðliggjandi gróðri verði svæðið nýtt til efnistöku.

Námusvæði 3 á Mýrum er beggja vegna þjóðvegarins við Grjótá framan við Grjótárgil á svæði sem að hluta til hefur verið notað sem efnisnáma. Stór hluti svæðisins er því þegar mikið raskaður og gróðurlaus. Sá hluti, sem ekki hefur verið raskað af völdum manna eða vegna flóða í ánni, er að mestu vel gróinn mosagróðri eða graslendi. Holtin í kringum núverandi námu eru grýtt og jarðvegur þunnur og rýr. Gróðurfélagið A6 (*mosi með þursaskeggi*) endurspeglar þessar aðstæður vel. Niðri á flatlendinu eru melar og eyrar þar sem gróðurfélögin H1 (*grös*) og A5 (*mosi með grösum*) er að finna með 30% gróðurþekju.

Gróðurfélög á námusvæði 3 eru á engan hátt sérstæð og öll algeng í nágrenninu. Verði af efnistöku ber að gæta þess að haga henni þannig að sem minnst rask blasi við vegfarendum að efnistöku lokinni. Náttúrufræðistofnun Íslands telur mikilvægt að skipuleggja efnistöku og frágang námunnar í samráði við landslagsarkitekt.

Vakin er athygli á að skammt ofan þjóðvegarins er gamall fyrirhleðslugarður sem er listilega hlaðinn og að í norðurjaðri svæðisins er gömul en heilleg húsarúst. Bæði þessi mannvirki gætu haft verndargildi sem menningarminjar eða fornminjar og er ráðlagt að fá fornleifafræðing til að meta það, hafi það ekki þegar verið gert.

Námusvæði 4 sem tilheyrir Nesjum er að mestu á ógrónum eyrum neðan við bæinn Hoffell. Nokkuð rask er þar nú þegar vegna efnistöku. Tæpur helmingur svæðisins er á eyrum Austurfljóts sem áin flæmist yfir í vatnavöxtum og er landið algjörlega ógróið. Austurhluti svæðisins er gamlar áreyrar sem eru byrjaðar að gróa upp. Þar er gróðurþekja frá 5–15% og er gróðurinn mestur í lænum. Mosategundir eru áberandi ásamt háplöntum á stangli t.d. krækilyngi og ljónslappa. Austast á svæðinu sem afmarkað er sem námusvæði, þ.e. næst veginum að Hoffelli, er landið að meðaltali gróið að tveimur þriðju hlutum. Gróðurfélagið H3 (*grös með smárunnum*) er ríkjandi.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að engin hættu sé á að sérstæðum gróðurlendum verði spillt á námusvæði 4. Þar er landið síbreytilegt og auðvelt er að haga efnistöku þannig að virkja megi fljótið til að afmá ummerki um rask af hennar völdum. Æskilegt er þó að hlífa gróðurlendinu við veginn á austurjaðri svæðisins.

Námusvæði 5 er úti í miðjum farvegi Hornafjarðarfljóta. Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða efnistöku með tilliti til gróðurs.

Námusvæði 6 er klapparholt á norðurjaðri kortlagða svæðisins í Skógey. Holtið hefur gróið upp á undanförunum áratugum og telst vera allvel gróið. Þar hefur graslendi með gróðurfélaginu H1 (*grös*) mesta útbreiðslu en H4 (*melgresi*) og H7 (*grös með elftingu*) eru á litlum blettum. Þrjú gróðurreitir með deiglendisgróðurfélaginu T2 (*hrossanál-starir-grös*) eru í lægð á miðju holtinu og í jaðri þess þar sem rakara er.

Þó að afmörkun námusvæðisins nái út fyrir holtið er gert ráð fyrir að grjótnáman miðist við klapparholtið sjálft og að ekki verði á neinn hátt raskað aðliggjandi votlendi. Að teknu tilliti til þessa telur Náttúrufræðistofnun Íslands að efnistaka á námusvæði 6 valdi ekki skaða á sérstæðum gróðri.

Námusvæði 8 er allt á grýttum, nær gróðurlausum, breytilegum áraurum við Fjarðará neðan við Slaufudal í Lóni. Mosagróður vex á litlum blettum þar sem A4 (*mosi með smárunnum*) og A5 (*mosi með grösum*) eru ríkjandi gróðurfélög. Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við efnistöku á þessum stað með tilliti til gróðurfars.

Námusvæði 9 er á nær gróðurlausum áraurum við mynni Endalausadals og Slaufudals í Lóni. Þar nær gróður ekki 10% þekju en finna má þar plöntur á stangli. Þar er áberandi jöklasóley sem er nokkuð stór og blómfögur háfjallajurt sem berst stundum eftir grjótskriðum niður á láglandi.

Umhverfi fyrirhugaðrar námu einkennist af einkar rismiklu landslagi. Svæðið er undir brattri hlið í mynni tilkomumikilla dala. Við jaðar fyrirhugaðrar námu eru áraurarnir algrónir mosagróðri með smárunnum þar sem krækilyng er ríkjandi í mosabreiðunni ásamt nokkru af beitilyngi. Þar eru líka stöku birkisprotar eða hríslur. Við jaðar fyrirhugaðs námusvæðis eru einnig athyglisverðir sethjallar. Allt umhverfis fyrirhugaða námu er því gróðurfar fjölskrúðugt og landslag áhrifamikið. Þrátt fyrir að þegar hafi verið numið efni á þessum stað mun frekara rask verða til lýta. Náttúrufræðistofnun Íslands mælir með því, að teknu tilliti til landslags og aðliggjandi gróðurs, að efnistaka úr öðrum námasvæðum gangi fyrir.

Námusvæði 10 er á gömlum uppgrónum áraurum vestast á fyrirhuguðu vegstæði á leið 3 nálægt Lambleiksstöðum á Mýrum, sunnan Brunnhólsár. Gróður á fyrirhuguðu námusvæði er að mestu rýr mosagróður þar sem þurrara er og hrossanálardeiglendi í lægðum þar sem rekja er meiri. Gróðurþekja er að meðaltali um 75%. Helstu gróðurfélög á svæðinu eru A5 (*mosi með grösum*) og T2 (*hrossanál-starir-grös*). Lítil túnbleðill í fullum nytjum er á svæðinu en önnur gróðurfélög sem koma fyrir eru lítil að flatarmáli. Með tilliti til gróðurfars gerir Náttúrufræðistofnun Íslands ekki athugasemdir við efnistöku á svæðinu.

4.2 Flóra

4.2.1 Háplöntur

Samtals voru skráðar 150 tegundir háplantna, auk ættkvíslar túnfífla, á rannsóknasvæðinu. Í 5. viðauka er listi yfir þær tegundir háplantna sem skráðar voru á viðmiðunarsvæði fyrirhugaðs vegstæðis við Hornafjarðarfljót sumarið 2006.

Talið er að á Íslandi vaxi 458 villtar tegundir háplantna að meðtöldum 20 tegundum undafífla (Hörður Kristinsson 1986, Bergþór Jóhannsson 1989 og 2004). Allar tegundirnar sem fundust eru algengar á Suðausturlandi og á landsvísu. Engin tegund er flokkuð sem sjaldgæf á landsvísu [■□] (sjá skýringar á ferningum í 6. viðauka) og engin er á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996).



10. Ljósmynd. Grágæs er algeng og áberandi í Skógey en verpur einnig í Nesjum og á Mýrum. Ljós. Jóhann Óli Hilmarsson.

4.3 Fuglar

4.3.1 Varpfuglar

Alls var talið á 130 punktum; 37 á Mýrum vestan Hornafjarðarfljóta, 42 í Skógey, 39 á Nesjum austan Hornafjarðarfljóta og 12 á námusvæðum. Alls voru skráð 1269 líkleg varppör af 32 tegundum á talningarpunktum (12. tafla). Til viðbótar voru skráðir 823 fuglar af 22 tegundum sem ekki sýndu varpatferli. Meðal þeirra voru fargestir eins og helsingi, rauðbrystingur og tildra, auk lóuþrælshópa á farflugi. Milli punkta voru skráðir 381 fugl af 25 tegundum. Alls varð 40 tegunda fugla vart á svæðinu (12. tafla).

Til þess að reikna út fjölda fugla sem eru á áhrifasvæðum fyrirhugaðra veglína voru talningapunktur flokkaðir í gróðurlendi samkvæmt gróðurkortu. Vegna lítillar sýnastærðar reyndist ekki unnt að nota nema yfirflokka gróðurflokkunar, sem hér verða nefndir gróðurlendi. Því síður reyndist unnt að halda landfræðilegri skiptingu sem þó hefði verið æskilegt í ljósi ójafnrar dreifingar einstakra fuglategunda á milli svæða (12. tafla). Þéttleiki verpandi mófugla var því reiknaður óháð svæðum fyrir fimm gróðurlendi: mosagróður, graslendi + ræktað land, votlendi, sjávarflæður, önnur gróðurlendi (13. tafla).

12. tafla. Varpfuglar (pör) og aðrir fuglar (einstaklingar) sem sáust við talningar á 130 punktum í grennd við Hornafjarðarfliót 29.–31. maí 2006.

	Námur (pör)	Mýrar (pör)	Skógey (pör)	Nes (pör)	Samtals varppör	Ekki varp (fuglar)	Milli punkta (fuglar)
Fjöldi punkta:	12	37	42	39	130		
Mófuglar							
Tjaldur	3	1	3	11	18	10	2
Sandlóa	1	1	1	5	8		2
Heiðlóa	16	13	15	38	82	14	1
Lóupræll	1	75	93	16	185	143	16
Hrossagaukur	4	59	37	101	201	5	2
Jaðrakan	0	9	9	0	18		2
Spói	20	74	68	54	216	11	
Stelkur	1	7	15	24	47		2
Óðinshani	0	10	91	5	106		60
Þúfutittlingur	5	8	7	40	60		1
Skógarþröstur	0	4	0	21	25		2
Aðrir varpfuglar							
Lómur		1	1	2	4	14	12
Fýll	4 vörp				x	1	
Álft		3	1		4	32	8
Grágæs	2	4	17	13	36	359	116
Brandönd			1		1		
Stökkönd		7	4	13	24		14
Grafönd			2		2		
Urtönd		2			2		5
Skúfönd							4
Toppönd				1	1		
Hettumáfur		41	12	5	58	15	7
Stormmáfur						1	54
Svartbakur		1	1		2	22	
Sílamáfur			23		23	13	22
Kjói	1		5		6	14	4
Skúmur			7		7	10	7
Kría	10	8	22	80	120	44	10
Hrafn	1				1	1	2
Mariuerla	2	1		3	6		
Steindepill	2				2		
Músarrindill				1	1		
Snjótittlingur	2				2		
Tegundir sem sáust, en verpa ekki							
Heiðagæs							1
Helsingi						10	
Fálki						1	
Tildra						20	25
Rauðbrystingur						80	
Silfurmáfur						3	
Samtals	72	329	435	433	1269	823	381

13. tafla. Fjöldi (óðul) og þéttleiki (pör/km²) mófugla eftir gróðurlendum í nágrenni Hornafjarðarfljóta, skv. talningum 29.–31. maí 2006.

	Fjöldi punkta	Tjaldur	Sandlóa	Heiðlóa	Lóupræll	Hrossagaukur	Jaðrakan	Spói	Stelkur	Óðinshani	Þúfutittlingur	Skógarpröstur	Samtals
Athuganir (óðul) eftir gróðurlendum													
Mosagróður	10	4	1	8	8	23	0	20	4	0	5	1	74
Graslendi + rækt	20	6	1	21	9	41	3	28	7	29	22	12	179
Votlendi	72	3	3	31	134	111	14	124	26	47	22	9	524
Sjávarflæður	13	0	0	5	28	16	1	18	9	27	2	3	109
Önnur gróðurlendi	3	2	2	1	5	6	0	6	0	3	4	0	29
Námur	12	3	1	16	1	4	0	20	1	0	5	0	51
Samtals	130	18	8	82	185	201	18	216	47	106	60	25	966
Þéttleiki (óðul/km²)													
Mosagróður		13,8	0,0	11,4	11,4	41,5	0,0	22,2	5,7	0,0	0,0	0,0	106,1
Graslendi og ræktað land		10,3	0,0	17,6	5,6	25,3	3,0	10,7	9,7	0,0	10,2	5,4	97,9
Votlendi		0,0	0,0	2,2	28,0	24,2	4,3	14,2	8,6	50,2	5,8	0,7	138,3
Sjávarflæður		0,0	0,0	4,3	41,5	8,2	0,0	8,1	8,7	17,5	0,0	0,0	88,3
Allar athuganir		4,8	6,4	10,9	31,2	35,3	4,0	20,3	9,3	31,8	11,4	2,1	158,4

Þéttleiki mófugla er hár á svæðinu og sambærilegur við mælingar á bestu láglandissvæðum (heildarþéttleiki um 150–200 pör/km² eða 1,5–2 pör/ha; Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004, Starri Heiðmarsson og Guðm. A. Guðmundsson 2004, Guðmundur A. Guðmundsson 2006). Algengustu tegundir voru hrossagaukur, óðinshani og lóupræll með þéttleika yfir 30 pör/km², svo spói með 20 pör/km², þá þúfutittlingur með aðeins 11 pör/km² sem telst mjög lágt fyrir þessa tegund á sambærilegum svæðum í öðrum landshlutum, og loks heiðlóa (11 pör/km²), stelkur (9 pör/km²), sandlóa (6 pör/km²), tjaldur (5 pör/km²), jaðrakan (4 pör/km²) og skógarpröstur (2 pör/km²; 13. tafla). Mikið var af tjöldum á svæðinu sem ekki sýndu varpatferli. Hugsanlega höfðu þeir farið illa út úr nýafstöðnu hreti, en þeir byrja varp fyrr en aðrir mófuglar. Flatarmál gróðurlenda á áhrifasvæði einstakra veglína er sýnt í 14. töflu.

14. tafla. Flatarmál gróðurlenda í hekturum (ha = 0,01 km²). MÝ = Mýrar, SK = Skógey, NES = Nes. 1, 2 og 3 vísa til hugsanlegra vegstæða sem nefnd hafa verið leið 1, 2 og 3.

	Kortíð allt (ha)	MÝ 1	MÝ 2	SK 1	SK 2	SK 3	NES 1	NES 2	NES 3
Graslendi + rækt	384,1	11,2	3,0	2,1	4,9	6,5	55,2	41,6	31,3
Mosagróður	69,0	0,0	21,3	0,1	0,0	0,0	4,5	14,9	13,8
Votlendi	1245,1	66,6	185,3	98,2	85,9	95,1	41,3	71,0	45,8
Sjávarfítjar	292,6	0,0	0,0	19,2	66,1	65,6	0,0	20,6	5,5
Önnur gróðurlendi	46,6	6,6	7,4	8,5	2,8	3,0	0,0	0,0	0,1
Alls	2037,4	84,3	217,0	128,0	159,7	170,2	101,0	148,2	96,5

Út frá þéttleika fugla í gróðurlendum (13. tafla) og flatarmáli gróðurlenda (14. tafla) fæst mat á fjölda verpanði mófugla á áhrifasvæðum einstakra veglína (15. tafla). Þar sem margar tillögur um vegstæði eru á borðinu (tvær leiðir á Mýrum, þrjár leiðir um Skógey, þrjár leiðir um Nes) sem raða má saman á marga vegu eru sýnd tvö dæmi um heildarfjölda mófugla á áhrifasvæði (15. tafla). Útreiknaður heildarfjöldi mófugla á áhrifasvæði veglína er á bilinu

400–600 pör. Þessu til viðbótar koma svo andfluglar, einkum grágæs og stökkönd, kría, hettumáfur, kjói, skúmur, lómur, og fleiri tegundir sem finnast á svæðinu (12. tafla).

15. tafla. Útreiknaður fjöldi varppara mófugla á áhrifasvæðum nokkurra hugsanlegra veglína. Áhrifasvæðið er skilgreint sem 200 metra belti á hvora hönd frá veglínu. Tekin eru tvö dæmi um veglínur; Dæmi 1: Mýrar1 + Skógey 1 + Nes 1, Dæmi 2: Mýrar 2 + Skógey 2 + Nes 2.

	ha	Tjaldur	Sandlóa	Heiðlóa	Lóupræll	Hrossagaukur	Jaðrakan	Spói	Stelkur	Óðinshani	Þúfúttlingur	Skógarpróstur	Samtals
Kortið allt	2037	51	3	120	514	467	67	267	178	692	117	31	2507
Mýrar 1	84	1	0	4	21	21	3	12	7	36	6	1	114
Mýrar 2	217	4	0	8	57	57	8	33	18	95	12	2	294
Skógey 1	128	1	1	4	38	29	5	18	11	55	7	1	169
Skógey 2	160	1	0	6	53	28	4	19	14	56	6	1	187
Skógey 3	170	1	0	6	55	31	4	20	15	60	7	1	201
Nes 1	101	6	0	11	15	26	3	13	9	21	8	3	116
Nes 2	148	6	0	11	33	36	4	20	13	39	8	3	173
Nes 3	96	5	0	8	18	25	3	13	8	24	6	2	114
Dæmi 1	313	8	1	20	75	76	11	42	28	112	21	6	399
Dæmi 2	525	11	1	25	142	121	17	71	45	190	26	5	654

Grágæs er algeng og áberandi í Skógey en verpur einnig bæði í Nesjum og á Mýrum (12. tafla). Í Skógey fundust alls níu hreiður á 11,7 km leið og var meðalflugfjarlægð álegufugla 16,1 m (bil 6–40 m). Miðað við að áhrifasvæði veglínu sé 200 m á hvora hönd má reikna út að $200/16,1 * 9/11,7 = 9,5$ grágæsahreiður (11. ljósmynd) séu á hvern kílómetra veglínu í Skógey; leið 1 er 3,3 km (31 hreiður), leið 2 er 4,0 km (38 hreiður) og leið 3 er 4,3 km (41 hreiður). Í Nesjum fundust nokkuð færri varpleg pör en engin hreiður fundust þar. Engin lóms-, álfta- eða andahreiður fundust, enda eru þær tegundir sjaldgæfari og minna áberandi en grágæsir í nágrenni Hornafjarðarfljóta. Það er helst stökkönd sem nalgast grágæs í fjölda (12. tafla) og gæti ágiskað stærðargráða verið 10–20 stökkandarpör á áhrifasvæði vegar um svæðið.



11. ljósmynd. Grágæsaheiður í Skógey. Takið eftir að ungi er að byrja að klekjast úr egginu efst til vinstri. Ljós. GG, 25. júní 2006.

4.3.2 Farfuglar

Miklar leirur eru við Hornafjörð og Skarðsfjörð sem eru mikilvæg fæðuuppspretta fyrir vaðfugla og máfa sem verpa á svæðinu, en ekki síður fyrir farfugla sem eiga leið um suðaustanvert landið bæði vor og haust. Þar safnast saman þúsundir vaðfugla í apríl og maí (Tiedemann 1990) og aftur á haustin (16. tafla). Talningar síðsumars 2006 beindust eingöngu að áhrifasvæðum hugsanlegra veglína (leið 2 og 3 um Nes) en talningar Ralph Tiedemann (1990) náðu yfir allar fjörur frá Árnanesi í vestri að Klif í Skarðsfirði. Út frá hlutfallslegri dreifingu fugla eftir svæðum má þó heimfæra talningarnar á áhrifasvæði veglína. Bæði vor og haust er lóupræll algengastur og getur fjöldi þeirra skipt mörgum þúsundum á leirum við Nes.

Síðsumarstölur sýna að milli fimm og sex þúsund fjörufuglar eru á áhrifasvæði veglínu leiðar 2 og eru lóuprælar í mestum fjölda 3900–4500 (16. tafla). Leið 3 liggur utar á leirum og voru um 15.000 fjörufuglar á áhrifasvæði hennar, þar af 10.000 lóuprælar (16. tafla). Aðrar áberandi tegundir síðsumars eru hettumáfur, sandlóa og stelkur.

Að vorlagi sáust allt að 7–8000 vaðfuglar á talningarsvæðinu öllu 25. apríl og 17.–19. maí 1988 (Tiedemann 1990). Fartími einstakra tegunda er breytilegur og eru þær í hámarki á mismunandi tímum. Hámark hjá lóupræll var um 20. maí bæði árin og sáust þá 6700 og 4400 fuglar. Ef litið er til áhrifasvæða veglína við Nes og fjöldi reiknaður þar út frá hlutfallslegri dreifingu miðað við hámarksfjölda sést að um 4500 vaðfuglar nota áhrifasvæðið að vorlagi og er lóupræll algengastur í Flóa þar sem 2200 fuglar sáust. Stelkur er næstalgengastur og af 1300 fuglum á áhrifasvæði voru um 800 í Flóa (skv. Tiedemann 1990).

Námusvæði á landi voru skoðuð og talið á a.m.k. tveimur punktum á hverju þeirra (12. tafla). Fuglalíf á og í nágrenni þeirra var fremur fábreytt og einskis varð vart sem er fágætt eða sérlega markvert.

16. tafla. Niðurstöður tveggja talninga á vaðfuglum á leirum í grennd við veglínur 2 og 3 í Nesjum á fartíma að hausti. Talið var dagana 10. ágúst og 4. september 2006 (Fuglaathugunarstöð Suðausturlands, Brynjúlfur Brynjólfsson).

	Flóinn A	Hafnarnes – Ármanes Leið 2 B	Hafnarnes – Ármanes Leið 3 C	Ármanes- Hrísey D	Samtals leið 2 B+D	Samtals leið 3 A+B+C+D
10. ágúst 2006						
Hettumáfur	765	275	152	5	280	1197
Tjaldur	165	115	66	6	121	352
Sandlóa	238	396	432	38	434	1104
Heiðlóa	24	78	38	1	79	141
Rauðbrystingur	16	114	160	0	114	290
Sanderla	2	0	5	0	0	7
Sendlingur	10	55	34	3	58	102
Louþræll	3260	3652	2850	254	3906	10016
Hrossagaukur	0	7	0	1	8	8
Jaðrakan	651	117	231	11	128	1010
Spói	0	4	3	5	9	12
Stelkur	325	302	298	115	417	1040
Tildra	3	3	2	0	3	8
Óðinshani	0	26	24	6	32	56
Samtals:	5459	5144	4295	445	5589	15343
4. september 2006						
Hettumáfur	815	235	125	12	247	1187
Tjaldur	98	100	178	48	148	424
Sandlóa	425	278	302	125	403	1130
Heiðlóa	116	176	32	211	387	535
Rauðbrystingur	0	0	14	11	11	25
Sanderla	0	1	0	0	1	1
Sendlingur	68	49	111	29	78	257
Louþræll	2110	2853	3510	1650	4503	10123
Hrossagaukur	1	3	3	7	10	14
Jaðrakan	5	3	11	0	3	19
Spói	0	0	0	0	0	0
Stelkur	278	316	154	212	528	960
Tildra	32	8	17	1	9	58
Óðinshani	0	0	0	0	0	0
Samtals:	3948	4022	4457	2306	6328	14733



12. ljósmynd. Brandönd er nýr landnemi á Íslandi og er stofninn aðeins um 50 pör. Hún er á válista og flokkuð sem tegund í bráðri hættu. Ljós. Jóhann Óli Hilmarsson.

4.3.3 Tegundir á válista

Brandönd er nýr landnemi á Íslandi og stofn tegundarinnar lítill (<50 pör). Brandönd (12. ljósmynd) er flokkuð sem tegund í bráðri hættu (CR) í válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Allt að 30 fuglar hafa sést í nágrenni Hafnar að vorlagi (19. maí 2006) og talið er að 6–7 pör verpi á svæðinu (Brynjúlfur Brynjólfsson, munnlegar upplýsingar). Tvö pör fundust með fimm og sjö unga 1. júlí, auk 15 geldfugla. Þann 27. júlí 2006 sáu þrjú brandandarpör með ófleyga unga, tvö með átta og eitt með fjóra. Til viðbótar sáu níu fullorðnir fuglar og 24 fleygir ungar. Samtals sáu 15 fullorðnir fuglar og 44 ungar. Fyrsta hreiður fannst á svæðinu 2006 (Hafnarnes sex nýklaktir ungar í hreiðri, Olgeir Jóhannesson). Brandönd heldur sig aðallega við sjávarsíðuna og aflar sér fæðu á leirum. Veglínur 2 og 3 munu raska mikilvægum brandandastöðum.

Fjöruspói. Á Íslandi verpur mjög lítill stofn fjöruspóa (<50 pör) og alls sjást nokkrir tugir á fáeinum stöðum á landinu að vetrarlagi. Tegundin er flokkuð í bráðri hættu (CR) í válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Allt að 30 fjöruspóar (30. desember 1989) hafa sést í vetrarfuglatalningu í Skarðsfirði og við Ósland (Ævar Petersen og Gaukur Hjartarson 1993, Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). Hornafjarðarós og Skarðsfjörður eru því mjög mikilvægar vetrarstöðvar fjöruspóa á Íslandi.

Grágæs er algengur varpfugl á svæðinu, hundruð fugla sáu í Skógey. Þar er þéttast varp og áætlað að allt að 180 pör verpi í Skógey allri. Af þeim verða 30–40 á áhrifasvæði veglína þar.

Hrafni. Hrafnar sáu víða á ferð og flugi (12. tafla), en aðeins einn sennilegur varpstaður fannst í hömrum við Stóraból á Mýrum.

Svartbakur sást á nokkrum stöðum og fundust tvö varpleg pör, annað á Mýrum og hitt á Skógey. Um 20 svartbakar voru í hóp í grennd við fyrirhugað námusvæði við Fjarðará í Papafirði.

Grafönd. Tveir steggir og ein kolla sást á flugi yfir Skógey. Varp er talið líklegt.

Stormmáfur sást á tveimur stöðum, stakur fugl á flugi yfir Skógey og 54 í hópi á samt hettumáfum á kíl vestan Þinganes.

Helsingi. Hópur helsingja sást á flugi upp með Hornafjarðarfljótum við Hoffellsfjall.

Fálki. Stakur fugl sást á flugi vælandi við hamra norðan Papafjarðar. Ekki sást hreiður þar.



13. ljósmynd. Fjöruspói er á válista og flokkaður sem tegund í bráðri hættu. Allt að 30 fjöruspóar hafa sést að vetri í Skarðsfirði og við Ósland. Ljós. Jóhann Óli Hilmarsson.

5 NÁTTÚRUMINJAR

Eftirfarandi svæði er á Náttúruminjaskrá (Náttúruverndarráð 1996): **Skarðsfjörður**, Hornafjarðarbæ (áður Nesjahreppi og Höfn), A-Skaftafellssýslu. (1) Fjörur, Grunnsævi, eyjar og sker í Skarðsfirði öllum, ásamt Álaugarey. (2) Lífaudugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi. Álaugarey er jarðfræðilega sérstæð.

Sjá heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is, náttúruvernd, náttúruminjaskrá, náttúruverndaráætlun.

6 TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR

6.1 Gróður

Samanburður veglína á Mýrum. Augljós kostur veglínu 1 fram yfir veglínu 2 er hversu miklu styttri nýlagning vegar er á þeirri leið og þar af leiðandi minna rask. Hér vegur þyngst minni skerðing blautara votlendis (mýra, flóa og vatnagróðurs) á leið 1, þar sem um 25 ha þessara gróðurlenda eru á viðmiðunarsvæði leiðarinnar, á móti tæpum 110 ha á leið 2. Gróðurfélagið Y2 (*vatnsnál-vætuskúfur*) er algengara á þessum slóðum en annars staðar á landinu. Ef litið er til þess að votlendi ber að vernda samkvæmt 37. grein Náttúruverndarlaga nr. 44/1999, þá er leið 1 tvímælalaust betri kostur. Þó verður að kappkosta að sneiða hjá þremur gróskumiklum tjörnum, með vatnagróðri og flóagróðri (1. kort, 1. mynd), sem veglína 1 liggur yfir. Verði leið 1 valin er heldur ekki þörf á eins mikilli efnistöku til uppbyggingar vegarins og því minni umhverfisspjöll af þeim sökum. Á viðmiðunarsvæði veglínunnar eru 11 hektarar ræktaðs lands.

Samanburður veglína í Skógey. Gróður í Skógey er enn í hraðri mótun vegna uppgræðslu og friðunar. Þess vegna má segja að þar skipti ekki eins miklu máli gróðurfarslega hvar fyrirhuguð veglína verður lögð. Veglínurnar liggja allar að mestu leyti um votlendi og því má segja að því styttri vegalengd sem um er að ræða, því betra. Gróðurþekjan á viðmiðunarsvæði leiðar 1 er yfirleitt þéttari og meiri en á viðmiðunarsvæðum leiðar 2 og 3. Þó má ætla að rask sem fylgir vegaf framkvæmdum verði meira á leiðum 2 og 3. Ástæðan er sú að þar gætir strauma og sjávarfalla meira en á efri leiðinni þannig að byggja verður veginn meira upp og setja fleiri ræsi en ella. Náttúrufræðistofnun Íslands gerir lítinn greinarmun á fyrirhuguðum veglínunum í Skógey með tilliti til gróðurfars en bendir á að veglína 1 er styst og kemur líklega til með að valda minnstu raski.

